

Formlegt boð um skólavist skólaárið 2025-2026

Kæri nýnemi

Okkur í MS er sönn ánægja að bjóða þér skólavist í haust. **Skólastarfið hefst samkvæmt skóladagatali föstudaginn 22. ágúst kl. 10:00** með móttöku nýnema, kynningu á skólastarfinu og hópefli. Dagskráin hefst í Holti (matsal MS, staðsettur inn af aðalanddyri skólans). Dagskrá lýkur um kl. 13:00.

Kennsla á haustönn hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 25. ágúst. Stundatöflur verða aðgengilegar í [Innu](#) fyrir upphaf kennslu og fá nemendur og forsjárfólk tölvupóst þegar stundatöflur eru tilbúnar. Námsgagnalisti verður aðgengilegur á [heimasíðu skólans](#) og er ætlast til að nemendur útvegi námsgögn þegar þeir hafa fengið stundatöflur haustannar.

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi aðgang að fartölvu til afnota í skólanum og til að sinna heimanámi. Hver nemandi þarf að kunna á sína tölvu, hvort sem er Mac, PC eða annað. Að lágmarki þurfa nemendur að kunna að vista skjöl og búa til möppur. Nánar verður farið í upplýsingatækni fyrir nemendur í Krossgötum í haust. Nemendur og forsjárfólk nemenda undir 18 ára hafa aðgang að kennslukerfinu Innu en nota þarf **rafræn skilríki** til að skrá sig inn. Í Innu er haldið utan um nám nemenda, einkunnir og viðveru.

Menntaskólinn við Hamrahlíð býður upp á **nám í norsku og sænsku** í stað dönsku fyrir nemendur sem það mega. Nemendur skrá sig sjálfir á [heimasíðu MH](#) fyrir kl. 17 þann 15. ágúst.

Fimmtudaginn 28. ágúst verður farið í nýnemaferð í Vatnaskóg yfir nótt. Ferðin er skipulögð er af skólanum og [nemendafélagi](#) skólans. Nýnemaferðin er valkvæð og nemendur taka þátt í kostnaði við ferðina. Við hvetjum þig til að mæta og kynnastr verðandi skólafélögum þínum.

Kynningarfundur fyrir forsjárfólk nýnema verður haldinn miðvikudaginn 27. ágúst kl. 17-18. Að gefnu tilefni benda stjórnendur skólans á að hvorki skólinn né nemendafélagið standa fyrir félagslífi í sumar og engir viðburðir verða fyrir en skóli hefst í ágúst.

Við hlökkum mikið til að hitta þig í haust þegar skólinn hefst!

Með góðri kveðju frá starfsfólki MS

Til að staðfesta skólavist þarf að ganga frá greiðslu skráningargjalda. Greiðslukrafa vegna haustannar 2025 hefur verið stofnuð í heimabanka greiðanda, gjalddagi 23.06.2025, eindagi 04.07.2025. Sjá nánar [gjaldskrá](#) á heimasíðu skólans. Með greiðslu skólagjalda gengst nemandi undir [skólareglur](#). Ef nemandi ætlar ekki þigga skólavist er mikilvægt að tilkynna það með tölvupósti á netfangið msund@msund.is. Ef krafa er ekki greidd fyrir eindaga lítur skólinn svo á að nemandi þiggi ekki skólavist og verður nemandi þá skráður úr skólanum í byrjun ágúst.

